



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík, 2. maí 2024

Umsögn Ungra umhverfissinna við máli nr. 900: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku).

Ungir umhverfissinnar hafa kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Við höfum áður sent inn umsögn vegna þessa máls en teljum nauðsyn að brýna enn frekar fyrir ákveðnum atriðum.

Sjálfsvald og skilgreiningar

UU telja ekki vera í lögnum að finna nógu skýrar kröfur eða skilgreiningar hvenær bæta skuli umræddri "Sérstakri málsmeðferð tiltekinna virkjunarkosta í vindorku í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysi" sem lýst er í 5.gr. Með því er verkefnastjórn um of sett í sjálfsvald hvernig meta skuli virkjunarhugmyndir og hvaða viðmið og forsendur skulu liggja til grundvallar. Illa skilgreind hugtök líkt og land sem "almennt telst hafa vera raskað af mannavöldum" (5. gr. b.) og kosti sem ekki "rýra um of mikilvæga verndarhagsmuni" (5.gr. d.) eru ónógur leiðarvisir til að undanskilja eigi virkjunarhugmynd undan lögum nr. 48/2011, sérstaklega þar sem ekki er minnst á aðra mikilvæga þætti svo sem líffræðilega fjölbreytni og sjónræn áhrif.

Markmið stjórnvalda í loftslagsmálum

Flýtimeðferð vindorkuhugmynda er hér gerð réttlætanleg með vísan í aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og markmið um kolefnishlutleysi. Líkt og við höfum itrekað bent á er mikilvægt að aðgerðir í loftslagsmálum hafi ekki neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Heilbrigð vistkerfi hafa mikla getu til að binda kolefni en líffræðileg fjölbreytni er undirstaða heilbrigðra vistkerfa. Uppbygging vindorkuvera veldur miklu raski á vistkerfum með lagningu vega og undirstaða. Þarf að ígrunda vel bæði staðsetningu vindorkuvera en einnig ástæðu þess að virkja. Í núverandi mynd tryggja þessi lög ekki að staðið sé vörð um líffræðilega fjölbreytni á þeim svæðum sem nú þegar hafa ekki verið vernduð, né að sú orka sem fæst með þessum vindorkuverum skili sér beint til uppfyllingu markmiða stjórnvalda um kolefnishlutleysi eða aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Leggjum við til að við 5. gr, a-lið: "Virkjunarkosturinn mun stuðla að því að ná markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi og að staðið verði við skuldbindingar stjórnvalda þar að lútandi á beinni ábyrgð ríkisins." bætist við klausa "... á beinni ábyrgð ríkisins án þess að rýra líffræðilega fjölbreytni".

Rökstuðningur fyrir því er skuldbinding Íslands til að uppfylla markmið Kunming-Montréal samningsins um líffræðilega fjölbreytni sem samþykktur var í desember 2022. Þar er þá sérstaklega átt við markmið nr. 8.


TARGET 8: Minimize the Impacts of Climate Change on Biodiversity and Build Resilience

Minimize the impact of climate change and ocean acidification on biodiversity and increase its resilience through mitigation, adaptation, and disaster risk reduction actions, including through nature-based solutions and/or ecosystem-based approaches, while minimizing negative and fostering positive impacts of climate action on biodiversity.

Að lokum

Ungir umhverfissinnar gera sér grein fyrir því að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 teljast nokkuð umdeild en leyfa sér að draga í efa stjórnvaldslega skilvirkni þess að skrifa inn í lögjin undanþágur og glufur frekar en að ráðast heldur að rót vandans sem eru orsök þess að slíkar undanþágur teljast þarfar.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,



Snorri Hallgrímsson,
Varaforseti UU



Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir,
Verkefnastýra